

Um þræslund og frelsi 16. des. 2016

Þræslundin er hræðslan við frelsið - eða hvað?

Allir menn eru fæddir frjálsir, allir menn búa yfir eðlislægu frelsi sem þeir geta í reynd aldrei hlaupist undan; eða, eins og Rousseau orðar það: „Að afneita frelsi sínu er að afneita því sem gerir mann að manni“ (I.4, 67). Til skýringar getum við snúið þessu við og sagt: svo lengi sem við erum menn getum við ekki flúið

undan frelsinu – og hvernig getum við fyllilega hætt að vera menn? Hér sjáum við í sjónhendingu tengsl hugsunar Rousseaus við Jean-Paul Sartre og tilvistarstefnu hans sem boðar að maðurinn sé „dæmdur til að vera frjáls“.4

Gegn þessu viðhorfi eigum við að tefla almannahyggju (í anda) Rousseaus og spyrja: hver er þess umkominn að skera úr um það hver megi og hver megi ekki taka þátt í ákvörðunum um það sem er samfélaginu, samfélagi hans sjálfs, og einstaklingunum öllum, þar með töldum honum sjálfum, fyrir bestu? Valdið getur ekki átt uppsprettu sína annars staðar en meðal fólksins. Í öðru lagi er ekki nóg að tala um lýðræði sem annað og meira en lýðræði sumra, og halda stöðugt á lofti þeirri skoðun að valdið sé hjá fólkinu – þeim orðum verða að fylgja athafnir, samfélagsgerðin sjálf þarf að fela í sér þær leiðir og það verklag sem almenningur þarf til að fá gegnt hlutverki sínu sem valdhafi. Í þriðja lagi þarf að sjá til þess, með markvissum hætti, að almenningur verði fær um að gangast við þessu hlutverki sínu – það sem til þarf er með öðrum orðum raunveruleg útfærsla á því sem nú er kallað lýðræðisuppeldi sem miðast þá við að kenna fólki að bera kennsl á almannahagsmuni, eða, eins og Rousseau orðar það svo snaggaralega, „kenna verður almenningi að bera kennsl á það sem hann vill“ (II.6, 107). (Úr erindi Bjarnar Þorsteinssonar, heimspekings.)